

Tilkynning frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur vegna gosmóðu frá eldgosinu við Sundhnúksgrágaröð 18. júlí 2025

Í morgun hefur mistur legið yfir sundunum og hækkuð gildi fínasta svifryksins mælst á mælistöðvum í Hvalfirði. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands er um gosmóða að ræða sem hefur ferðast yfir landið og er nú að ná höfuðborginni. Gosmóða inniheldur mengun sem hefur náð að umbreytast m.a. í SO_4 (súlfat) og brennisteinssýru og greinist hún því ekki með hefðbundnum mælingum á SO_2 brennisteinsdíoxíði (SO_2

) en mælingar á fínna svifryki gefa vísbendingar um að þessi mengun sé til staðar. Gildi fínasta svifryksins eru farin að hækka á mælistöðvum í Kópavogi og má gera ráð fyrir að gosmóðan sé á leið yfir borgina.

Gosmóða eða blámóða (Volcanic smog) er loftmengun sem verður til þegar SO_2 , önnur gös og agnir hvarfast við súrefni og raka með tilstuðlan sólarljóssins. Hún hefur einkennandi blágráan lit sem myndast er sólarljósið brotnar á ögnum/úða.

Gosmóða getur orsakað slen, höfuðverk, ertingu í augum og hálsi auk flensueinkenna. Þeir sem eru viðkvæmir fyrir í öndunarfarum, og börn ættu að forðast útivist í lengri tíma og takmarka áreynslu. Þeir sem eru síður viðkvæmir geta einnig fundið fyrir einkennum. Ekki er mælt með því að láta ung börn sofa úti í vagni við þessar aðstæður.

Almennar ráðleggingar varðandi gasmengun eru eftirfarandi:

- Lungna og hjartasjúklingar hafi sín lyf tiltæk
- Andið sem mest með nefi og forðast líkamlega áreynslu utandyra í mikill mengun því það dregur úr þeim styrk sem kemst niður í lungu.
- Dvöl innanhúss með lokaða glugga og slökkt á loftræstingu veitir verulega vörn fyrir menguninni.
- Athugið að rykgrímur veita enga vörn gegn gasmengun
- Ráðstafanir til varnar SO_2 og annarri gosmengun mengun innandyra

1. oLokaðu gluggum og minnkaðu umgengni um útidyr.
2. oHækkaðu hitastigið í húsinu.
3. oLoftaðu út um leið og loftgæði batna utandyra.

Auk ofangreindra upplýsinga má finna ráðleggingar vegna heilsufarslegra áhrifa að völdum loftmengunar á síðu landlæknis:Á <https://www.landlaeknir.is/eldgos/> . Mælingar á loftgæðum eru aðgengilegar á vef Umhverfisstofnunar,

www.loftgaedi.is

, nánari leiðbeiningar um viðbrögð við styrk SO

²

má fá með því að smella á tengil í vinstra horni síðunnar. Spár um gasmengun má sjá á vef Veðurstofunnar,

<https://www.vedur.is/eldfjoll/eldgos-a-reykjanesi/gasmengun/>

.

Frekari uppl. Á Svava S. Steinarsdóttir heilbrigðisfulltrúi, s. 6939673, t.p. svava.s.steinarsdottir@reykjavik.is